# BYR sparisjóður

## Samandreginn árshlutareikningur
## 30. júní 2007

BYR sparisjóður
Borgartúni 18
105 Reykjavík

kt. 610269-2229

# Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar ...................................................... 3
Áritun óháðs endurskoðenda ................................ 4
Rekstrarreikningur ................................................ 5
Efnahagsreikningur ............................................... 6
Eiginfjáryfirlit .................................................... 7
Samandregið yfirlit um sjóðstreymi .................... 7
Skýringar við árshlutareikninginn ...................... 8

# Skýrsla stjórnar

Árshlutareikningur Byrs sparisjóðs fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 hefur verið gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) um árshlutareikninga (IAS 34).

Í lok júní var samrunaáætlun Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Kópavogs samþykkt af stjórnum beggja sjóða. Í tengslum við fyrirhugaðan samruna sjóðanna verður gefið út og selt nýtt stofnfé í Byr sparisjóði. Tilgangur útgáfunnar er að ná skiptihlutföllum í fyrirhugaðri sameiningu við Sparisjóð Kópavogs sem gert er ráð fyrir í samrunaáætluninni. Staðfesting Fjármálaeftirlitsins á fyrirhuguðum samruna sjóðanna liggur ekki fyrir.

Hagnaður varð af rekstri sparisjóðsins á fyrstu sex mánuðum ársins að fjárhæð 4.342 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sparisjóðsins í lok júní nam 18.251 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Heildareignir námu 112.387 millj. kr. þann 30. júní 2007.

Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 14,6%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Stjórn Byrs sparisjóðs og sparisjóðsstjórar staðfesta hér með árshlutareikning fyrir Byr sparisjóð fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. ágúst 2007.

**Stjórn**

Jón Þorsteinn Jónsson

Egill Ágústsson | Styrmir Þór Bragason

Matthias Imsland | Magnús Ármann

**Sparisjóðsstjórar**

Magnús Ægir Magnússon | Ragnar Z. Guðjónsson

# Áritun óháðs endurskoðenda

**Til stjórnar Byrs sparisjóðs**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Byrs sparisjóðs og dótturfélaga fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, samandregið yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á árshlutareikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu árshlutareiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðgerðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á árshlutareikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að árshlutareikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í árshlutareikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati okkar, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á árshlutareikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu árshlutareiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðgerðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð árshlutareikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Samanburðarfjárhæðir**

Samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi og í yfirliti um sjóðstreymi eru úr árshlutareikningi Sparisjóðs vélstjóra þann 30. júní 2006 að viðbættum fjárhæðum fyrir maí og júní úr árshlutareikningi Sparisjóðs Hafnarfjarðar þar sem samrunadagur sjóðanna miðaðist við 30. apríl 2006. Tilgreindar fjárhæðir úr rekstrarreikningi Sparisjóðs Hafnarfjarðar hafa ekki verið endurskoðaðar og því tekur áritun okkar ekki til samanburðarfjárhæða í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi.

**Álit**

Það er álit okkar, að fyrir utan þau atriði sem nefnd eru í kaflanum um samanburðarfjárhæðir, að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2007, efnahag þess 30. júní 2007 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 30. ágúst 2007.

**KPMG hf.**

Sigurður Jónsson

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2007

| | Skýr. | 2007<br>1.1 - 30.6 | 2006<br>1.1 - 30.6 |
|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur | | 5.037.102 | 3.532.933 |
| Vaxtagjöld | | ( 4.184.631 ) | ( 2.800.986 ) |
| **Hreinar vaxtatekjur** | | 852.471 | 731.947 |
| Þjónustutekjur | | 417.335 | 197.537 |
| Þjónustugjöld | | ( 104.142 ) | ( 77.105 ) |
| **Hreinar þjónustutekjur** | | 313.193 | 120.432 |
| Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði | 3 | 4.170.962 | 203.555 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfyrirtækja | 13 | 1.290.115 | 577.715 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 61.166 | 10.183 |
| **Aðrar rekstrartekjur samtals** | | 5.522.243 | 791.453 |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 6.687.907 | 1.643.832 |
| Laun og launatengd gjöld | | ( 565.677 ) | ( 362.507 ) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 725.783 ) | ( 319.423 ) |
| Afskriftir | | ( 37.167 ) | ( 19.579 ) |
| **Rekstrargjöld samtals** | | ( 1.328.627 ) | ( 701.509 ) |
| Virðisrýrnun útlána | | ( 155.433 ) | ( 183.097 ) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 5.203.847 | 759.226 |
| Tekjuskattur | | ( 861.360 ) | ( 60.707 ) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 4.342.487 | 698.519 |
| **Skipting hagnaðar:** | | | |
| - stofnfjáreigendur og varasjóður | | 4.349.017 | 698.924 |
| - minnihluti | | ( 6.530 ) | ( 405 ) |
| | | 4.342.487 | 698.519 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2007

| | Skýr. | 30.6.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Sjóður og óbundnar bankainnstæður | 8 | 3.164.268 | 1.451.079 |
| Kröfur á lánastofnanir | 9 | 6.785.106 | 8.812.690 |
| Lán og kröfur | 10 | 77.197.169 | 72.988.464 |
| Veltufjáreign | 11 | 6.002.501 | 3.839.073 |
| Fjáreignir tilgreindar á gangvirði | 12 | 8.653.357 | 6.988.111 |
| Hlutdeildarfélög | 13 | 7.182.507 | 7.418.574 |
| Óefnislegar eignir | | 1.394.804 | 1.508.546 |
| Rekstrarfjármunir | | 717.509 | 771.609 |
| Fjárfestingareignir og aðrar eignir | | 1.290.244 | 410.339 |
| **Eignir samtals** | | 112.387.465 | 104.188.485 |
| **Skuldir** | | | |
| Innlán frá fjármálafyrirtækjum | 14 | 9.359.579 | 8.335.902 |
| Almenn innlán | 15 | 52.566.006 | 46.837.836 |
| Lántökur | 16 | 26.791.553 | 30.020.742 |
| Víkjandi lán | 17 | 1.645.296 | 1.567.916 |
| Lífeyirsskuldbinding | | 949.346 | 945.462 |
| Skattskuld | | 2.735.066 | 1.609.640 |
| Aðrar skuldir | | 89.149 | 923.134 |
| **Skuldir samtals** | | 94.135.995 | 90.240.632 |
| **Eigið fé** | | | |
| Stofnfé | | 248.604 | 231.377 |
| Varasjóður | | 17.978.532 | 13.685.613 |
| | | 18.227.136 | 13.916.990 |
| Hlutdeild minnihluta | | 24.333 | 30.864 |
| **Eigið fé samtals** | | 18.251.469 | 13.947.854 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 112.387.465 | 104.188.485 |

# Eiginfjáryfirlit
## fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007

| | Stofnfé | Varasjóður | Samtals stofnfé og varasjóður | Hluti minni-hluta | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé 31. desember 2006** ................. | 231.377 | 13.685.613 | 13.916.990 | 30.863 | 13.947.853 |
| Endurmat stofnfjár ................................ | 17.227 | ( 17.227 ) | | | |
| Arður ársins 2006 ................................. | | ( 38.871 ) | ( 38.871 ) | | ( 38.871 ) |
| Hagnaður tímabilsins ................................ | | 4.349.017 | 4.349.017 | ( 6.530 ) | 4.342.487 |
| **Eigið fé 30. júní 2007** ................................ | 248.604 | 17.978.532 | 18.227.136 | 24.333 | 18.251.469 |

# Samandregið yfirlit um sjóðstreymi
## 1. janúar til 30. júní 2007

| | 2007 1.1 - 30.6 | 2006 1.1 - 30.6 |
|---|---|---|
| Rekstrarhreyfingar ........................................................................................................ | 1.519.387 | ( 862.328 ) |
| Fjárfestingarhreyfingar ........................................................................................................ | 174.869 | ( 413.441 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar ........................................................................................................ | 38.509 | 1.717.961 |
| Breyting á handbæru fé ........................................................................................................ | 1.732.765 | 442.192 |
| Handbært fé í ársbyrjun ........................................................................................................ | 1.451.079 | 4.560.411 |
| Handbært fé í lok tímabils ........................................................................................................ | 3.183.844 | 5.002.603 |

# Skýringar

**Reikningsskilaaðferðir**

Byr sparisjóður er starfandi og staðsettur á Íslandi og er með höfuðstöðvar við Borgartún 18, Reykjavík. Árshlutareikningurinn fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 samanstendur af árshlutareikningum Byrs sparisjóðs og dótturfélaga hans, sameiginlega vísað til sem sparisjóðurinn. Stjórn Byrs sparisjóðs hefur samþykkt að birta árshlutareikninginn þann 30. ágúst 2007.

1. Yfirlýsing um að alþjóðlegur reikningsskilastöðlunum (IFRS) sé fylgt

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem ráð er gert fyrir í ársreikningi og ætti að vera lesinn með hliðsjón af ársreikningi sjóðsins fyrir 31.12.2006.

2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir við gerð árshlutareiknings BYR sparisjóðs eru þær sömu og notaðar voru við gerð ársreiknings samstæðunnar árið 2006.

Árshlutareikningur samstæðunnar er tiltækur á skrifstofu BYR sparisjóðs Borgartúni 18, Reykjavík eða á heimasíðum www.byr.is og www.omx.is.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

**Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum**

3. Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum greinast þannig:

| | 2007<br>1.1.-30.6. | 2006<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Arðstekjur ........................................ | 143.085 | 35.789 |
| Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum .................. | 1.538.195 | 190.873 |
| Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði .................. | 2.546.115 | 167.566 |
| Hreinn gjaldeyrismunur .................................. | ( 56.433 ) | ( 190.673 ) |
| Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum .................. | 4.170.962 | 203.555 |

4. Arðstekjur

| | | |
|---|---|---|
| Arðstekjur af veltufjáreignum .................................. | 119.489 | 28.549 |
| Arðstekjur öðrum fjáreignum .................................. | 23.596 | 7.240 |
| Arðstekjur ........................................ | 143.085 | 35.789 |

5. Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum

| | 2007<br>1.1.-30.6. | 2006<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Veltufjáreignir: | | |
| Veltuhlutabréf | 1.273.309 | 125.812 |
| Veltuskuldabréf | 264.886 | 65.061 |
| Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum | 1.538.195 | 190.873 |

6. Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum

| | | |
|---|---|---|
| Aðrar fjáreignir á gangvirði: | | |
| Eignarhlutum í félögum | 2.527.321 | 27.970 |
| Skuldabréfum útgefin af ríkinu og lánastofnunum | 9.500 | 56.625 |
| Skuldabréf útgefin af öðrum | 9.294 | 82.971 |
| Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum | 2.546.115 | 167.566 |

7. Hreinn gjaldeyrismunur

| | | |
|---|---|---|
| Sjóðir og innstæður hjá Icebank hf. | 2.597 | ( 21.670) |
| Kröfur á lánastofnanir | 288.072 | 113.205 |
| Lán og kröfur | ( 1.796.397) | ( 1.373.126) |
| Innlán við lánastofnanir | 1.207.172 | 748.208 |
| Almenn innlán | 324.452 | 358.860 |
| Framvirk viðskipti | ( 82.327) | ( 16.150) |
| Hreinn gjaldeyrismunur | ( 56.433) | ( 190.673) |

**Sjóður og óbundnar bankainnstæður**

8. Sjóður og óbundnar bankainnstæður greinast þannig:

| | 30.06 2007 | 31.12 2006 |
|---|---|---|
| Sjóður | 187.436 | 165.550 |
| Bankainnstæður | 2.976.832 | 1.285.529 |
| | 3.164.268 | 1.451.079 |

**Kröfur á lánastofnanir**

9. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig:

| | 30.06 2007 | 31.12 2006 |
|---|---|---|
| Kröfur á Icebank hf | 585.955 | 2.678.040 |
| Kröfur á aðrar lánastofnanir | 6.199.151 | 6.134.650 |
| | 6.785.106 | 8.812.690 |

### Lán og kröfur

10. Lán og kröfur greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Lán til viðskiptavina: | | |
| - veðlán | 25.536.134 | 23.757.081 |
| - skuldabréf | 10.341.812 | 9.141.907 |
| - yfirdráttur | 5.962.125 | 4.860.483 |
| - kreditkort | 210.788 | 184.889 |
| | 42.050.859 | 37.944.360 |
| Lán til fyrirtækja: | | |
| - bein lán | 32.283.301 | 31.722.828 |
| - sambankalán | 3.625.152 | 3.514.973 |
| - önnur lán og kröfur | 134.518 | 554.047 |
| | 36.042.971 | 35.791.848 |
| | 78.093.830 | 73.736.209 |
| Afskriftareikningur í lok tímabilsins | ( 896.661 ) | ( 747.744 ) |
| | 77.197.169 | 72.988.464 |
| Afskriftareikningur lána og krafna | | |
| Hreyfingar tímabilsins: | | |
| Staða í ársbyrjun | 747.744 | 264.344 |
| Samruni sparisjóðanna | 0 | 599.764 |
| Virðisrýrnun útlána | 165.249 | 89.153 |
| Endanlega töpuð útlán | ( 16.332 ) | ( 205.517 ) |
| Afskriftareikningur útlána í lok tímabilsins | 896.661 | 747.744 |
| Afskriftareikningur sem hlutfall heildar útlána og krafna í lok tímabils | 1,15% | 1,01% |

### Veltufjáreignir

11. Veltufjáreignir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Skuldabréf og markaðsvíxlar: | | |
| Skuldabréf útgefin af ríkissjóði | 2.903.299 | 311.844 |
| Víxlar útgefnir af ríkissjóði | 48.750 | 327.759 |
| Önnur verðbréf | 282.920 | 1.049.612 |
| | 3.234.968 | 1.689.216 |
| Hlutabréf: | | |
| Skráð | 2.767.532 | 2.149.857 |
| Samtals veltufjáreignir | 6.002.501 | 3.839.073 |

### Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

12. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði greinast þannig:

| | 30.06 2007 | 31.12 2006 |
|---|---|---|
| Skuldabréf: | | |
| Skuldabréf útgefin af ríkissjóði | 388.549 | 1.145.755 |
| Skuldabréf útgefin af lánastofnunum | 334.756 | 441.492 |
| Stofnfjáreign í sparisjóðum | 19.002 | 34.225 |
| Önnur verðbréf | 3.028.449 | 4.647.194 |
| | 3.770.755 | 6.268.666 |
| Hlutabréf: | | |
| Skráð | 31.273 | 162.027 |
| Óskráð | 4.851.329 | 557.418 |
| | 4.882.602 | 719.445 |
| Samtals fjáreignir tilgreindar á gangvirði | 8.653.357 | 6.988.111 |

### Hlutdeildarfélög

13. Hlutdeildarfélög greinast þannig:

| | Eignar-hlutur | Hagnaðar-hlutdeild | Bókfært-verð |
|---|---|---|---|
| Icebank hf | 28,7% | 1.147.271 | 4.667.423 |
| SP Fjármögnun hf | 31,9% | 150.744 | 1.763.126 |
| Eignarhaldsfélagið ehf | 25,0% | ( 7.900 ) | 402.050 |
| Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf | 38,8% | 0 | 69.380 |
| FSP Holding ehf | 22,6% | 0 | 112.902 |
| Reiknistofa bankanna | 4,6% | 0 | 80.194 |
| Teris | 23,2% | 0 | 87.432 |
| Hlutdeildarfélög samtals | | 1.290.115 | 7.182.507 |

### Innlán frá fjármálafyrirtækjum

14. Innlán frá fjármálafyrirtækjum greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Skuld við Icebank hf | 1.884.637 | 1.373.473 |
| Skuld við aðrar fjármálastofnanir | 7.474.942 | 6.962.429 |
| | 9.359.579 | 8.335.902 |

### Almenn innlán

15. Almenn innlán greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Óbundin innlán | 24.882.837 | 21.361.235 |
| Bundin innlán | 27.683.169 | 25.476.601 |
| | 52.566.006 | 46.837.836 |
| Eftirstöðvatími innlána: | | |
| Gjaldkræft | 41.335.347 | 31.726.077 |
| Allt að 3 mánuðir | 2.126.090 | 2.486.804 |
| Yfir 3 mánuðir og allt að ári | 1.603.780 | 1.667.602 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 6.231.914 | 7.381.653 |
| Yfir 5 ár | 1.268.875 | 3.575.700 |
| | 52.566.006 | 46.837.836 |

### Lántökur

| 16. Lántökur greinast þannig: | 30.06 2007 | 31.12 2006 |
|---|---|---|
| Verðbréfaútgáfa | 8.966.791 | 10.777.111 |
| Önnur lántaka | 17.824.762 | 19.243.631 |
| Lántökur samtals | 26.791.553 | 30.020.742 |
| Eftirstöðvatími lántöku sparisjóðsins greinist þannig: | | |
| Allt að 3 mánuðir | 543.543 | 0 |
| Yfir 3 mánuðir og allt að ári | 411.158 | 106.668 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 4.216.273 | 1.123.960 |
| Yfir 5 ár | 21.620.579 | 9.546.483 |
| | 26.791.553 | 10.777.111 |

### Víkjandi lán

17. Víkjandi lán greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Útgáfa, 1. fl. 2004 | 531.874 | 505.728 |
| Útgáfa, 1. fl. 2005 | 1.113.422 | 1.062.188 |
| | 1.645.296 | 1.567.916 |

Byr sparisjóður hefur gefið út skuldabréf með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sjóðsins við skuldauppgjör. Þau teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. skýringu 18.

**Eiginfjárhlutfall**

18. Eiginfjárhlutfall greinist þannig:

| | 30.06 2007 | 31.12 2006 |
|---|---|---|
| Áhættugrunnur | 64.469.067 | 62.752.205 |
| Eigið fé: | | |
| Eiginfjárþáttur A | | |
| Stofnfé | 248.604 | 231.377 |
| Varasjóður | 17.978.532 | 13.685.613 |
| Viðskiptavild | ( 1.394.169 ) | ( 1.394.169 ) |
| Hlutdeild minnihluta | 24.333 | 30.864 |
| | 16.857.300 | 12.553.685 |
| Eiginfjárþáttur B | | |
| Víkjandi lán | 1.645.296 | 1.567.916 |
| - frádráttur samkvæmt 28 gr. og 85 gr. laga nr. 161/2002 | (9.106.825) | (5.125.118) |
| Eigið fé samtals | 9.395.771 | 8.996.483 |
| Eiginfjárhlutfall skv. 84. gr. laga nr. 161/2002 | 14,6% | 14,3% |

Eigið fé í lok júní nemur 18.251 millj. kr. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 14,6%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

**Aðrar skuldbindingar**

19. Aðrar skuldbindingar

Engar lögfræðikröfur voru á samstæðuna í lok júní 2007.

| Liðir utan efnahagsreiknings | 30.06 2007 | 31.12 2006 |
|---|---|---|
| Skuldbindingar vegna viðskiptamanna | 2.434.584 | 2.452.910 |
| Ónotaðar yfirdráttarheimildir | 4.756.289 | 4.871.936 |
| | 7.190.873 | 7.324.846 |

20. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar sparisjóðsins eru dótturfélög, hlutdeildarfélög, stjórn og stjórnendur sparisjóðsins, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir stofnfjáreigendur í sparisjóðnum.

Engar lánveitingar voru til stjórnarmanna og sparisjóðsstjóra Byrs sparisjóðs í lok júní 2007 og engin óvenjuleg viðskipti hafa verið við tengda aðila á tímabilinu. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

**Atburðir eftir lok reikningsárs**

21. Atburðir eftir lok reikningsárs

Engin efnisleg atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings, sem krefjast myndu lagfæringar eða breytingar á árshlutareikningi 30. júní 2007.